

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 766/2019, um skil á ríki-fyrir-ríki skýrslu.

1. gr.

Við 3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Samtæðufélag getur ekki talist vera móðurfélag innan heildarsamtæðu ef annað samtæðufélag fer með bein eða óbein yfirráð yfir því.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 6. mgr. 91. gr. a. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 24. mars 2022.*

F. h. r.

**Helga Jónsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Vilmar Freyr Sævarsson.*